

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Hornafirði, 20. janúar 2022  
nr. erindis 202201014 ÁEH

### Málefni: Ráðstöfun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Hornafirði

Á 1020. fundi sínum þann 11. janúar 2022 fól Bæjarráð Hornafjarðar atvinnu- og ferðamálafulltrúa að óska eftir breytingum á 4. gr. reglugerðar 995/2021, skv. eftirfarandi bókun:

*Úthlutun Sveitarfélagsins Hornafjarðar er 1,51% af heildarúthlutun til allra byggðarlaga. Sveitarfélaginu er gefinn frestur til 21. janúar n.k. að senda ráðuneytingu tillögur um sérreglur. Bæjarráð felur starfsmönnum að óska eftir sérreglum í samræmi við það sem fékkst samþykkt á síðasta ári.*

Er hér með send inn ósk um breytingu á 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 995/2021 á þann veg að:


#### 4. gr

*Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.*

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, **og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 85% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.**

Rökin fyrir breytingartillögunni eru að hún telst styrkja byggðarlagið með því að styðja við rekstarumhverfi fjölbreyttrar útgerðar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Virðingarfyllst



Árdís Erna Halldórsdóttir  
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar